

Páll Björnsson í Selárdal 400 ára (1621–2021)



400 ár eru um þessar mundir liðnar frá fæðingu Páls Björnssonar (1621–1706) prests og prófasts í Selárdal við Arnarfjörð. Ævi hans verður best lýst sem harmleik þrátt fyrir að hann hafi verið í stétt forréttinda allt sitt líf. Hann naut menntunar sem fáir höfðu kost á, fékk gott embætti, var í fremstu röð lærdómsmanna og var hluti af helstu valdablokk landsins. Hann hafði tóm til að skrifa rit um guðfræði, heimspeki og náttúruvísindi, hann þýddi stóran hluta biblíunnar og til hans komu efnilegir ungir menn til að nema grísku, hebresku og önnur fræði.

En þar með er ekki öll sagan sögð. Helga Halldórsdóttir, kona Páls og sjálf ekki síður vel tengd, glímdi við veikindi sem ekki fannst önnur skýring á en að hún væri, samkvæmt því sem segir í lífshistoríu hennar eftir Pál, í þeirri „háskafullustu orustu móti Satani eldflugum“. Eða með öðrum orðum: veikindi hennar voru talin vera af völdum galdra. Sjö manneskjur voru brenndar á báli vegna þessa á árunum 1669–1683. Að sögn batnaði Helgu um stund „þegar þeir ómildu er hana kvöldu“ fengu og útstöðu sín makleg laun“ – þ.e. voru brenndir á báli, en það var skammgóður vermir þar sem veikindi Helgu tóku sig ætíð upp á nýjan leik. Síðasta brennan í Selárdalsmálum 1683 var síðasti líflátsdómurinn fyrir galdur á Íslandi, ef frá er talinn einn sem var brenndur fyrir guðlast tveimur árum síðar.

Tímalína yfir æfi Páls Björnssonar og Helgu Halldórsdóttur


1620	Helga Halldórsdóttir fæddist.	1674	Páll samdi Character Bestiæ (Kennimark kölska), safn ritgerða um djöflatrú.	1683	Sveinn Árnason brenndur fyrir að hafa valdið veikindum Helgu Pálsdóttur, dóttur Páls og Helgu, með galdri, sá síðasti sem var brenndur fyrir galdur á Íslandi.
1621	Páll Björnsson fæddist.	1675	bréf Páls til Royal Society birt í enskri þýðingu Philosophical Transactions. Helga veiktist aftur, Magnús Bjarnason sekur fundinn um galdur og brenndur í héraði vegna þess. Lassi Diðriksson brenndur fyrir að valda veikindum bræðranna Björns og Halldórs Pálssonar. Páll talinn líklegur til að verða biskup eftir Brynjólf Sveinsson, ef Þórður Þorláksson hefði ekki verið með vonarbréf frá konungi um embættið.	(1684)	Jón Vídalín, síðar Skálholtsbiskups og höfundur Vídalínspostillu, var eitt misseri í læri hjá frænda sínum Páli í Selárdal.
1641	Páll varð stúdent frá Hólaskóla og sigldi til Kaupmannaafnar.	1677	Helga veikist aftur.	1688	Páll sendi Guðríði Gísladóttur, biskupsfrú í Skálholti ritgerð um kvöldmáltíðina (Tractatum de coena).
1644	Páll varð baccalaureus frá Hafnarháskóla. Kom heim sama ár og fékk ráð hjá Þorláki Skúlasyni Hólabiskup, sem sagði hann hafa tvo kosti: að biða eftir brauði á Íslandi, eða fara aftur aftur út til Danmerkur og sækjast eftir stöðu þar, líkt og Brynjólfur Sveinsson Skálholtsbiskup gerði. Brynjólfur var konrektor við latínuskólann í Hróarskeldu áður en hann varð biskup 1638.	1678	Þuríður Ólafsdóttir vinnukona og sonur hennar Jón Helgason brennd fyrir að valda veikindum Helgu með galdri.	1690	Páll lét lesa vitnisburði sína upp á Alþingi, bæði frá Hafnarháskóla 1644 og nýja vitnisburði leikra og lærðra í Barðastrandasýslu og sóknarfólksins í Selárdal, þar segir m.a. að allir þeir „einum munni upp lúka og sannyrða þenna góðfræga guðsmann um hans háloflegar ærudyggðir og mannkosti ...“
1644	Páll var konrektor við Hólaskóla.	1679	Halldór sonur Páls vígður sem aðstoðarprestur að Selárdal. Páll sendi Þórði Þorlákssyni Skálholtsbiskup fyrstu drög að þýðingu sinni á Nýja testamentinu. Þórður sagði að það sé „Opus egregium et luce publica dignissimum“ (ágætt verk og þess virði að koma fyrir almenningssjónir).	1691	Páli boðið að verða biskup á Hólum, hann afþakkar sökum aldurs.
1645	Vígður prestur í Selárdal, er um hríð í Skálholti og kynnist Helgu Halldórsdóttur, systur Margrétar, konu Brynjólfs biskups.	1680	Páll skrifaði Kennidómsins spegil, kennslurit í prédikun. Sama ár samdi hann prédikun um mikla cometu (halastjörnu) sem sást á himni í desember.	1702	Páll samdi rímreglur: „Hvernig þeir gömlu hafa uppleitað og fundið sannarlega sólarársins lengd“.
1646	Helga og Páll ganga í hjónaband, eignuðust á árabílinu 1646-1654 börnin Helgu, Björn, Halldór, Þóru og Ingibjörgu.	1681	Páll átti 24 jarðir í vesturparti Barðastrandasýslu að hluta eða heild. Þórður Þorláksson biskup varaði hann við í bréfi að Jóhann Klein landfógeti viti af ólöglegri verslun Páls framhjá einokunarversluninni og benti honum á að múta Klein til að láta málið hverfa.	1703	Samkvæmt manntali voru 77 til heimilis í Selárdal, af 303 íbúum Dalahrepps. Á sama tíma bjuggu 111 í Skálholti og 92 á Hólum í Hjaltadal. Páll skrifaði sr. Hjalta Þorsteinessyni í Vatnsfirði bréf, þar sem hann sagðist vera kominn nærri moldinni, saddur lífdaga, „en hef aldrei lifað þótt svo marga daga telja meg, því hvernig kann þeim að vera vita vitalis, eður hafa verið, qui silentio et ignavia vitam transegit veluti pecorum“ (Hvernig getur það hafa verið líf, þeim sem hafur farið í gegnum það í þögn og dádleysi eins og kvikfénaður.)
1649	Páll sækir Alþingi í síðasta sinn, skrifar undir hyllingareiða Friðriks III. konungs.	1682	Páll lauk við að þýða Nýja testamentið, og sagði um það í bréfi: „Hefi ég úr þeim gríska orginal verterad [snúið] N.T. á vort móðurmál“. Hann spurði sjálfan sig í bréfinu: „Til hvörs áttu við þetta? Ég á við það svo lífi ei eður deyi sem Bestia ... Er oss ei skipað að erfíða í orðinu?“ Annarsstaðar í sama bréfi sagði hann um þá presta sem ekki kunnu hebresku og grísku: „Likir sýnast mér þeir Doctorar og öldungar þeim sem jórtra verða með annarra jöxlum, og fljúga með annarra vængjum“.	1704	Helga lést, 84 ára.
(1652)	Páll verður prófastur í Barðastrandarsýslu.			1705	Páll sagði af sér prófastsembættinu.
1668	Helga verður veik.			1706	Páll lést, 85 ára.
1669	Fjölskyldan flúði heimilið tímabundið vegna galdraágangs. Jón Leifsson, vængbrotinn vonbiðill þjónustustúlku í Selárdal, brenndur fyrir að hafa ollið veikindum Helgu með galdri. Erlendur Eyjólfsson brenndur sem kennari Jóns í galdarkúnstinni.				
1671	skrifaði Páll bréf á latínu til Royal Society í Englandi með svörum við spurningum um Ísland. Jón Úlfsson, áður vinnumaður í Selárdal, ákærður fyrir galdur. Galdraáburðurinn sannaðist ekki en hann var dæmdur til húðláts „sem næst gangi lífi“.				

Helstu heimildir:

- Galdur og guðlast á 17. öld. Ritstjóri Már Jónsson. Reykjavík, 2021.
- Gunnar Marel Hinriksson: „Menntun og starf sr. Páls Björnssonar í Selárdal“. Glíman (2009).
- Hannes Þorsteinsson: „Minning sjera Páls prófasts Björnssonar í Selárdal.“ Skírnir (1922).
- Ólína Þorvarðardóttir: Brennuöldin. Reykjavík, 2000.

Sýnishorn af Svalbarðsætt, helstu valdaætt 17. aldar

Páll Björnsson fæddist inn í mestu valdaætt landsins á 17. öld, Svalbarðsætt. Skjaldarmerki hennar var hvítur fálki á bláum feldi. Hinar voru Árnaætt og Skarðsætt. Um miðja öldina voru báðir lögmennirnir, annar biskupinn og 14 af 23 sýslumönnum af þessum ættum, og nokkrir til viðbótar kvæntir inn í þær eða þeim skyldir. Undir lok aldarinnar runnu þessar ættir að mestu saman.



Innsigli Ara í Ögri
sem sýnir fálkann,
merki Svalbarðsættar

- 1 Ættfaðir Svalbarðsættar
- 2 Ættmóðir Svalbarðsættar
- 3 Hólabiskup, hálshöggvinn í Skálholti 1550
- 4 Hirðstjóri og lögmaður
- 5 Sýslumaður og höfðingi
- 6 Prestur og fræðimaður, höfundur *Chrymogæu*

- 7 Sýslumaður og skáld
- 8 Sýslumaður og höfðingi á Vestfjörðum
- 9 Sýslumaður
- 10 Sýslumannsfrú, síðar prófastsfrú
- 11 Sýslumaður
- 12 Prófastur og fræðimaður

- 13 Skálholtsbiskup
- 14 Barnabarn biskups. Faðir hennar dó ungur, móðir hennar var Þórunn ríka Jónsdóttir.
- 15 Skólameistari og prófastur
- 16 Prestur og prófastur

Handrit í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni sem geyma efni um eða eftir Pál Björnsson í Selárdal, eiginhandarrit og afskriftir

Lbs 1 fol.	Útlegging yfir Esaiaæ spádómsbók og Jobsbók með athugasemdum eftir Pál. Eiginhandarrit.	Lbs 939 4to.	<i>Character Bestiæ</i> . Ung uppskrift.	JS 495 4to.	Afrit Jóns Sigurðssonar af ritgerð Páls til the Royal Society.
Lbs 2 fol.	Esaiaæ spádómsbók, Jobsbók, Davíðssálmar, Orðskviðir Salómóns og ritgerðir eftir Pál. Eiginhandarrit.	Lbs 943 4to.	Prédikanir eftir Pál.		
Lbs 188 fol.	Þýðing á Mattíasar guðspjalli og Lúkasar, Postulanna gerningum, Jóhannesarguðspjalli og Opinberunarbókinni. Eiginhandarrit að hluta.	Lbs 1199 4to.	„Ein lítil en þó konstríkr bók um aðskiljanlegan farva og blek“. Þýtt úr þýsku. Að hluta með hendi Páls.	JS 602 4to.	„Guðrækileg yfirvegun þínunnar og dauðans drottins vors Jesú Kristi“ 23 prédikanir eftir Pál.
Lbs 2 4to.	Davíðssálmar í þýðingu Páls.	Lbs 1342 4to.	Uppskrift nokkurra rita eftir Pál, m.a. <i>Character Bestiæ</i> .	JS 605 4to.	Ritgerðir eftir Pál.
Lbs 20 4to.	Generalia úr útlegging sr. Páls Björnssonar yfir Nýja Testamentið.	Lbs 1850 4to.	„Guðrækileg yfirvegun þínunnar og dauðans drottins vors Jesú Kristi“ 23 prédikanir eftir Pál.	JS 606 4to.	Ritgerðir um galdra, m.a. <i>Character Bestiæ</i> .
Lbs 36 4to.	Um prest og prédikun eftir Pál.	JS 51 8vo.			Uppskrift á þýðingu Páls á Nýja Testamentinu.
Lbs 39 4to.	Guðrækilegar og mjög andríkar prédikanir út af þeim sjö orðum, sem Jesús talaði á krossinum eftir Pál. Eiginhandarrit.	Lbs 1 8vo.	Brot úr biblíuþýðingu Páls.	JS 73 8vo.	„Jóns Krukks forspá“ mögulega með hendi Páls.
Lbs 43 4to.	Líkræða og lífshistoría yfir Helgu Halldórsdóttur konu Páls Björnssonar; einnig fleiri ræður eftir hann, m.a. tækifærisræður.	Lbs 14 8vo.	Brot úr jólaræðu með hendi Páls.	JS 142 8vo.	Tvær ritgerðir eftir Pál.
Lbs 53 4to.	Um signing eftir Pál.	Lbs 157 8vo.	Kennidómsins spegill eftir Pál.	ÍB 63 4to.	Píslar-, varðhalds- og upprisupréðikanir eftir Pál. Eftirrit gert undir hans leiðsögn, með athugasemdum hans.
Lbs 242 4to.	<i>Character Bestiæ</i> eftir Pál.	Lbs 494 8vo.	Iðrunarprédikun út af þeirri cometu sem sást 1680.		
Lbs 343 4to.	Prédikanir og ritgerðir um kirkjusögu eftir Pál. Eiginhandarrit.	Lbs 719 8vo.	Skrá yfir rit Páls.	ÍB 90 4to.	„Ein fróðleg vísdómsbók“ eftir Pál.
Lbs 414 4to.	Prédikanir eftir Pál Björnsson. Eftirrit. Með fylgir mynd af Páli eftir sr. Hjalta Þorsteinsson í Vatnsfirði.	Lbs 740 8vo.	Spegill þolinmæðinnar eftir Pál.	ÍB 113 4to.	„Guðrækileg yfirvegun þínunnar og dauðans drottins vors Jesú Kristi“ eftir Pál.
Lbs 476 4to.	Guðrækileg yfirvegan þínunnar og dauðans drottins vors Jesú Kristí. Prédikanir eftir Pál.	Lbs 822 8vo.	Kennidómsins spegill eftir Pál.	ÍB 134 4to.	Ellefu prédikanir eftir Pál.
Lbs 477 4to.	Prédikanir og ræður eftir Pál sem og afrit bréfa frá honum til nokkurra manna.	Lbs 868 8vo.	Afrit tveggja bréfa frá Páli.	ÍB 167 4to.	Vísdómskver (Pansophia) eftir Pál.
Lbs 478 4to.	„Nokkuð af skrifum þess hálærða sáluga séra Páls Björnssonar“.	Lbs 1113 8vo.	Tvær ritgerðir eftir Pál.	ÍB 198 4to.	Brot úr „guðrækilegri yfirvegun“ eftir Pál.
Lbs 498 4to.	Þýðing á Davíðssálmum eftir Pál. Eiginhandarrit.	Lbs 1522 8vo.	Kennidómsins spegill og Um kross, krossfesting og krossmark eftir Pál.	ÍB 237 4to.	„Vísdómskver“ eftir Pál.
Lbs 499 4to.	„Guðrækileg yfirvegun þínunnar og dauðans drottins vors Jesú Kristí“ 23 prédikanir eftir Pál.	Lbs 2347 8vo.	Kennidómsins spegill eftir Pál.	ÍB 777 8vo.	Vísdómsbók Páls.
Lbs 767 4to.	Vísdómskver um náttúrufræði og fleira eftir Pál frá 1675.	Lbs 2969 8vo.	„Ein hjartnæm og andríkr bæn til drottins“ og „Sign-ing sem þeir fyrstu kristnu brúkuðu daglega“ eftir Pál.	ÍB 947 8vo.	Prédikanir með hendi Páls ásamt „Compendium Itinerarii Salvatoris ex Chémnitio“ eftir Pál í yngri uppskrift.
Lbs 818 4to.	„Hvað galdur kallast, og um orðið rúnir“ eftir Pál.	Lbs 3630 8vo.	Bænasafn, m.a. eftir Pál.	ÍBR. 135 8vo.	Um kross, krossfesting og krossmark eftir Pál.
		JS 77 4to.	Ritgerðir og þýðingar eftir Pál. Eiginhandarrit að hluta.		
		JS 78 4to.	Þýðing Páls á Davíðssálmum.		
		JS 280 4to.	Kennidómsins spegill eftir Pál.		
		JS 402 4to.	Æviágrip Páls Björnssonar og rit hans.		
		JS 478 4to.	Bréf Þorláks Skúlasonar til Páls.		
		JS 482 4to.	Píslarræður (brot) eignaðar Páli.		